

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

58

25. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

- a. (18. gr.) Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vítja fjárins, ef fært þykir að álitu hreppstjóra.

Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó. ákvæði 3. málsg., eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörðun hafa fengið, að hafa gætur á fé sinu og halda því frá viðkomandi girðingu.

Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Rétt er aðilum að krefjast yfirmats, er þrír dómkvaddir menn framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla.

Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

- b. (19. gr.) Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjáræktarreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*